

Fundur NOS

haldinn í Hveragerði mánudaginn 13. desember 2021 kl. 9:30

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson í fjarfundi, Árni Eiríksson í fjarfundi, Elliði Vignisson, Sylvía Karen Heimisdóttir og Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Einnig sat fundinn, undir fyrsta lið, ritari þjónustunnar Röðull Reyr Kárason.

Dagskrá:

1. Skjalavistun SVÁ.
2. Starfslýsingar SVÁ
3. Starfsmannamál.
4. Verkefni Gæða- og eftirlitsstofnunar.
5. Kynning á lesblindugreiningu
6. Úttekt á starfsemi SVÁ.
7. Umræða um framtíðina og framhaldið
8. Önnur mál.

1. Skjalavistun SVÁ.

Röðull Reyr ritari SVÁ fór yfir þá vinnu sem búið er að vinna varðandi skjalavistunarkerfi fyrir SVÁ. Nauðsynlegt er að allar stöðvar/starfsmenn tengist inni sama kerfi og samræmist í verklagi. Samþykkt að forstöðumaður, ritari og formaður komi með tillögu að því hvaða kerfi væri besta að nota fyrir SVÁ og leggja fyrir næsta fund.

2. Starfslýsingar SVÁ

Melkorka fór yfir nauðsyn þess að uppfæra starfslýsingar hjá embættinu. Samþykkt að hún vinni að því að uppfæra allar starfslýsingar með hliðsjón af niðurstöðum úr úttektarskýrslu.

3. Starfsmannamál

Búið er að ráða inn fyrir afleysingar fyrir Örnú Ír. Samþykkt að sú ráðning sé til eins árs. 3 sálfræðingar í vinnu núna tveir verktakar og einn fastur starfsmaður.

Rætt um kjaramál og forstöðumanni falið að vinna að þeim í samræmi við umræður á fundinum.

4. Verkefni Gæða- og eftirlitsstofnunar.

Ýmis verkefni liggja fyrir að lagfæra eftir athugasemdir frá Gæða- og eftirlitsstofnun. Forstöðumanni falið að fara yfir þau og koma vinnu við þau verkefni í ferli.

5. Kynning á lesblindugreiningu

Melkorka fór yfir stöð mála varðandi lesblindugreiningu. 3 skólar hafa ekki leyfi til að taka Logos lesblindupróf. Samþykkt að sveitarfélög þeirra skóla skoði stöðuna og hvernig best er að útfæra það að leyfi sé fyrir hendi.

6. Úttekt á starfsemi SVÁ.

Gunnar Gíslason og Jón Hrói Finnsson fóru yfir skýrslu um úttekt á starfsemi SVÁ. Samþykkt að nefndin fari yfir skýrsluna og sendi inn ábendingar um lagfæringar til Gunnars og Jóns Hróars. Ábendingar þurfa að vera komnar til þeirra fyrir jól. Í framhaldinu verði lokaæintak tekið fyrir hjá nefndinni og í framhaldinu hjá sveitarfélögunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15
Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari